



MINNISBLAÐ

Sendandi: Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar.

Móttakandi: Ráðgjafarnefnd vegna áhuga á rannsóknar-, vinnslu- og afurðamiðstöð þangs í Stykkishólmi.

Dagsetning: 14. janúar 2019.

Efni: Samantekt fyrir ráðgjafarnefnd vegna áhuga á rannsóknar-, vinnslu- og afurðamiðstöð þangs í Stykkishólmi.

1. UM MINNISBLAÐIÐ

Minnisblað þetta er unnið til upplýsinga fyrir ráðgjafarnefnd vegna áhuga á rannsóknar-, vinnslu- og afurðamiðstöð þangs í Stykkishólmi, um stöðu málsins, gildandi lög, reglugerðir og aflaráðgjöf, ráðgjafarnefndina og hlutverk hennar. Ennfremur til að miðla upplýsingum um framvindu málsins á árinu 2018 í tengslum við áform um þangvinnslu í Stykkishólmi.

2. ALMENN YFIRFERÐ

Staðsetning fyrirtækja í Stykkishólmi er aðlaðandi kostur, enda fléttast þar saman fjölmargir þættir á borð við fallett umhverfi, sögu, gamlan bæjarkjarna og gott samfélag sem mótar umgjörð sem hefur um langa hríð laðað að fólk til búsetu, sem og ferðafólk. Fjölbreytt atvinnulíf, mannlíf og menning, framúrskarandi íþrótta- og æskulýðsstarf og metnaðarfullt, faglegt og framsækið skólastarf eru allt þættir sem gera bæinn að aðlaðandi búsetusvæði. Hugmyndir og áform um þangvinnslu í Stykkishólmi hafa verið til umræðu um nokkurra ára skeið vegna framangreindrar sérstöðu bæjarins og staðsetningu hans við Breiðafjörð. Hér er um að ræða hugmyndir að nýtingu auðlinda Breiðafjarðar og atvinnuuppbyggingu í Stykkishólmi, nánar tiltekið nýtingu þangs í Breiðafirði, þar sem hugmyndir um sjálfbæra nýtingu auðlinda fjarðarins hefur verið grundvöllur samtals við þau fyrirtæki sem hafa sýnt verkefninu áhuga. Miðað hefur verið að því að lögð verði áhersla á vísindalega nálgun við nýtingu auðlindarinnar með það að markmiði að fullnýta hráefnið með sem minnstum áhrifum á umhverfið samhliða sem mestum svæðisbundnum efnahagslegum ávinningi. Á fyrrihluta síðasta kjörtímabils voru þessi mál töluvert til umræðu,¹ en ákveðin biðstaða komst á málið á síðari hluta kjörtímabilsins.

¹ Ýmsar fréttir af vefmiðlum héðan og þaðan sem tengjast málinu beint og/eða óbeint:

<http://www.visir.is/g/2018180519886>

<http://www.ruv.is/frett/aform-um-thorungaverksmidju-i-bidstodu>

<https://www.stykkisholmur.is/frettir/stok-frett/2015/03/05/Taka-hondum-saman-til-ad-studla-ad-frekari-nytingu-auðlinda-Breiðafjarðar-og-atvinnuuppbyggingu-i-Stykkisholmi/>

<http://visir.staging.is/g/2015701029975/irar-skoda-vinnslu-thorunga-i-stykkisholmi>

<https://kjarninn.is/frettir/storthorungaverksmidja-i-stykkisholmi-15-ny-heilsarsstorf/>

<http://www.matis.is/matis/frettir/nr/4305>



Í **júní 2018** óskaði bæjarstjóri eftir því við forsvarsmenn Íslenska kalkþörungarfélagsins ehf. að félagið myndi útlista í minnisblaði tiltekin atriði til upplýsinga fyrir bæjarfulltrúa og íbúa Stykkishólmbæjar en hugmyndir um þangvinnslu í Stykkishólmi höfðu þá verið í ákveðinni biðstöðu um nokkurt skeið. Var óskað eftir því að félagið myndi fjalla um eftirfarandi þætti í minnisblaðinu:

- (1) Áform félagsins um vinnslu þangs og þara úr Breiðafirði í Stykkishólmi (þ.m.t. vinnsluaðferð, hráefni, áætlaða starfsemi, eðli starfseminnar, hugsanlega lyktar- og hávaðamengun, tengingu við rannsóknar- og nýsköpunarfyrirtæki o.s.frv.).
- (2) Kynningu á því félagi sem stendur að baki áætlaðri starfsemi.
- (3) Upplýsingar um framvindu málsins á síðasta kjörtímabili.
- (4) Á hvaða forsendum gengið er út frá varðandi staðsetningu og áætlaða fjárfestingu (stærð vinnslu- og framleiðslusvæðis og bryggju o.s.frv.).
- (5) Yfirferð yfir þær rannsóknir og/eða upplýsingar sem liggja fyrir um áhrif þang- og þarasláttar á lífríki Breiðafjarðar og þær upplýsingar sem liggja fyrir um útbreiðslu og magn.
- (6) Beinan og óbeinan fjárhagslegan ávinning bæjarins af fyrirhugaðri starfsemi.

Halldór Halldórsson, forsvarsmaður Íslenska Kalkþörungafélagsins ehf., mætti til fundar við bæjarráð **26. júlí 2018** til þess að ræða áform um að byggja upp þörungavinnslu í Stykkishólmi þar sem bæjarráð fékk m.a. tækifæri til að spyrja út í áform og áherslur.

Minnisblað sem bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar kallaði eftir varðandi áform félagsins um uppbyggingu þörungavinnslu var kynnt bæjarráði **6. september 2018**. Í bókun bæjarráðs var gert ráð fyrir að minnisblaðið yrði kynnt bæjarbúum á heimasíðu Stykkishólmsbæjar fyrir lok **septembermánaðar** og þeim gefið tækifæri á að veita umsögn og koma að athugasemdum.

Á bæjarstjórnarfundi **13. september 2018** upplýsti bæjarstjóri bæjarstjórn um að fulltrúar Acadian Seaplants hafi komið til fundar við bæjarstjóra í tengslum við nýtingu þangs í Breiðafirði. Á fundinum kynntu þeir starfsemi félagsins og lýstu yfir áhuga á því að fá tækifæri til þess að taka þátt í viðræðum við Stykkishólmsbæ um þangvinnslu í Stykkishólmi. Á fyrrgreindum fundi upplýsti bæjarstjóri fulltrúa Acadian Seaplants um þær samræður sem standa yfir milli Stykkishólmsbæjar og Íslenska kalkþörungafélagsins ehf., m.a. að óskað hafi verið eftir minnisblaði. Á fundinum óskuðu fulltrúar Acadian Seaplants eftir því að fá tækifæri til þess að skila til Stykkishólmsbæjar minnisblaði um þeirra áform og hugmyndir. Var Acadian Seaplants veitt ráðrúm fram til loka september til þess að skila minnisblaði og taka í framhaldinu þátt í samræðum við Stykkishólmsbæ um þörungavinnslu. Þann **19. september 2018** sendi svo Jean Paul Deveau, forstjóri Acadian Seaplants Ltd, viljayfirlýsingu til Stykkishólmsbæjar f.h. félagsins þar sem hann lýsti yfir áhuga félagsins um viðræður við að koma á fót rannsóknar- og framleiðslueiningu fyrir þörungum í Stykkishólmi og nokkru síðar barst minnisblað frá félaginu.²

<http://www.vb.is/frettir/fjorir-milljardar-i-kalkthorunga/150452/>
<http://snaefellingar.is/snaefellsnes/bajarrad-stykkisholms-fundar-2/>
<http://www.reykholar.is/frettir/Ottast-ofnytingu-thorunga-i-Breidafirði/>
<http://www.vb.is/frettir/vilja-opna-tvaer-nyjar-verksmidjur/111312/>
<http://www.vb.is/frettir/vilja-opna-tvaer-nyjar-verksmidjur/111312/>
<http://www.vb.is/frettir/thang-notad-i-snyrtivorur-og-lyf/98223/>

² Bæði minnisblöðin, annars vegar frá Íslenska kalkþörungafélaginu ehf. og hins vegar frá Acadian Seaplants Limited, voru í framhaldinu kynnt og tekin til umræðu á bæjarráðs- og bæjarstjórnarfundum. Til þess að gæta jafnræðis beggja aðila ferlinu var gert ráð fyrir því að minnisblöðin



Á bæjarráðsfundi **24. október 2018** voru bæði minnisblöðin tekin til umræðu og var bæjarráð sammála um að næstu skref væru þau að bæjarstjórn þyrfti að koma sér saman um viðmiðanir áður en næstu skref málsins yrðu tekin. Á fundi bæjarstjórnar **30. október 2018** var bæjarráði svo falið að setja saman ráðgjafarhóp varðandi mögulega rannsóknar-, vinnslu og afurðamiðstöð þangs í Stykkishólmi. Í **nóvember 2018** var unnið að því að koma saman ráðgjafarnefnd og að skilgreina verkefni hennar. Tillaga að nefndarmönnum var svo samþykkt í bæjarráði í lok nóvember ásamt drögum að erindisbréfi nefndarinnar. Á bæjarstjórnarfundum **13. desember 2018** var erindisbréf nefndarinnar endanlega samþykkt af bæjarstjórn og nefndin skipuð. Ráðgjafarnefndina skipa eftirtaldir einstaklingar:

Fulltrúar frá NSV og Rannsóknarsetri Háskóla Íslands

Róbert Arnar Stefánsson

Jón Einar Jónsson

Fulltrúi landeigenda

Ásgeir Gunnar Jónsson

Mat á samfélagslegum og fjárhagslegum ávinningi (íbúar og/eða atvinnurekendur í Stykkishólmi)

Unnur María Rafnsdóttir

Sæþór H. Þorbergsson

Guðbjörg Egilsdóttir

Reynsla og þekking á þangslætti o.fl.

Jón Helgi Jónsson (einnig fulltrúi landeigenda)

Kári Geir Jensson

Fulltrúi grásleppusjómannanna

Ólafur Örn Ásmundsson

Nefndarmaður frá atvinnumálanefndar Stykkishólmsbæjar

Halldór Árnason (formaður og fulltrúi frá atvinnumálanefnd Stykkishólmsbæjar)

Ráðgjafarnefnd vegna áhuga á rannsóknar-, vinnslu- og afurðamiðstöð þangs í Stykkishólmi hefur tekið til starfa og er hún skipuð öflugum hópi íbúa Stykkishólmsbæjar með breiða skírskotun og víðtæka þekkingu og reynslu. Í ljósi þeirrar vinnu og þeirrar viðkvæmu stöðu sem þeirri vinnu fylgir og til að gæta jafnræðis beggja aðila sem sýnt hafa verkefninu áhuga hefur ekki verið tekin ákvörðun á þessu stigi um það hvenær minnisblöðin verði kynnt opinberlega á heimasíðu Stykkishólmsbæjar.

yrðu kynnt samtímis, en frá upphafi hefur verið gert ráð fyrir því að minnisblöðin yrðu kynnt bæjarbúum og bæjarbúum gefin tækifæri á að veita umsögn og koma að athugasemdum. Vegna þess að annar aðilinn óskaði trúnaði var það ekki verið gert þegar þau bárust þar sem verið var að aflétta trúnaðarkvöð (Acadian Seaplants Limited).



3. UM RÁÐGJAFARNEFNDINA OG HLUTVERK HENNA

Ráðgjafarnefndin heyrir undir bæjarstjórn Stykkishólmbæjar og starfar á almennu sviði undir stjórn bæjarstjóra. Í nefndinni eiga sæti níu fulltrúar, sem bæjarstjórn hefur skipað skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar. Auk skipaðra fulltrúa á bæjarstjóri rétt á að sitja fundi nefndarinnar, með málfrelsi og tillögurétt. Þá mun skipulags- og byggingarfulltrúi Stykkishólmsbæjar vinna með nefndinni eftir þörfum.

Hlutverk nefndarinnar er:

- Að fara yfir og meta fyrirleggjandi gögn varðandi fyrirhugaða rannsóknar-, vinnslu- og afurðamiðstöð þangs í Stykkishólmi og leggja mat á kosti og galla sem snúa að starfsemi.
- Að meta hvort auka má framtíðarverðmæti svæðisins og breytileika afurða með mismunandi aðferðum til sláttar eftir svæðum, s.s. að handtína, handslá eða slá með vélarafli, og/eða að rækta þörungum á línum.
- Að útfæra og koma með tillögur að viðmiðum Stykkishólmsbæjar í áframhaldandi viðræðum.
- Að leggja mat á fjárhagslegan ávinning bæjarins af fyrirhugaðri starfsemi ef af verður.
- Að gera tillögu að staðsetningu á starfsemi og hugsanlegum breytingum á skipulagi í því sambandi.
- Að kalla til fundar, telji nefndin þörf á, aðila sem áhuga hafa á að hefja starfsemi í Stykkishólmi til þess að leggja mat á fyrirhugaða starfsemi þeirra hér í Stykkishólmi og/eða að kalla til fundar þá sem veitt geta ráðgjöf eða hafa sérstaka þekkingu á málefnum sem nefndin fjallar um.

Að öðru leyti hefur nefndin frjálssar hendur um vinnulag á hvern hátt verkefnið er unnið og hvernig nefndin skiptir með sér verkum. Þá skulu skil á niðurstöðum vera með þeirri aðferð sem nefndin telur skilvirkasta en þó skulu niðurstöður nefndarinnar vera skriflegar. Þá er nefndinni heimilt að fjalla um aðra þætti en taldir eru upp hér að framan, telji hún þá skipta máli í þessu sambandi.

Í vinnu sinni skal nefndin leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að vinna hennar sé fyrst og fremst í þágu allra íbúa sveitarfélagsins og leggur það þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur sínum eigin eða einstakra hópa.

Nefndinni var ekki falið af bæjarstjórn að taka fullnaðarákvörðun um tiltekið mál, skv. lögum eða erindisbréfi þessu, og teljast ályktanir hennar tillögur til bæjarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar. Ákvarðanir nefndarinnar þurfa staðfestingu bæjarstjórnar.


Sjá nánar um starfshætti, eftirfylgni, réttindi og skyldur nefndarmanna í erindisbréfi ráðgjafarnefndarinnar sem samþykkt var af bæjarstjórn 13. desember 2018.



3. LÖG, REGLUGERÐIR OG AFLARÁÐGJÖF³

Um alla öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögunnar fer samkvæmt reglugerð nr. 90/2018, um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni. Reglugerðin er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, og lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Sjá nánar breytingar með lögum nr. 49/2017 um breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni)⁴ og frumvarpi með þeim lögum sem eru í gögnum nefndarinnar.⁵

Þá hefur Hafrannsóknastofnun, samkvæmt beiðni ráðuneytisins, veitt aflaráðgjöf um töku þangs, *Ascophyllum nodosum*, úr Breiðafirði til næstu fimm ára, en Hafrannsóknastofnun ráðleggur í samræmi við varúðarsjónarmið að heildartekja klóþangs í Breiðafirði, árin 2018–2022, verði ekki meiri en 40 þús. tonn á ári. Í forsendum sínum bendir Hafrannsóknarstofnun á að stofnstærðarmat, framkvæmt í Breiðafirði, bendi til að um 1.37 milljón tonn af klóþangi sé í firðinum. Í ljósi varúðarsjónarmiða miðast ráðgjöf við 3% af því mati. Verði þangtekja samkvæmt þessu mun það leiða til um það bil tvöföldunar á magni klóþangs sem tekið er árlega úr Breiðafirði (þetta nýtingarhlutfall er þó mun lægra en miðað er við í Kanada (Ugarte & Sharp 2012), enda er vöxtur klóþangs hægari hér við land), en síðan 1975 hefur klóþangs eingöngu verið aflað í Breiðafirði og uppskeran hefur frá 1980 oftast verið á bilinu 10–18 þús. tonn á ári.



Klóþang. Afli frá árinu 1980.
Rockweed. Harvest since 1980.

Ráðgjöfin er í gögnun nefndarinnar en hana má einnig sjá á vef Hafrannsóknastofnunar⁶. Sem kunnugt er hefur ráðherra valdheimild til að takmarka úttak þangs úr firðinum með stjórnun á viðmiðunarafla einstakra móttökustöðva en engin ákvörðun hefur verið tekin um slíka leyfisbindingu.

³ Ýmsar fréttir í tengslum við setningu löggjafar:

<http://www.ruv.is/frett/frumvarp-til-laga-um-oflun-sjavargrodurs>
<http://snaefellingar.is/frettir/log-samthykkt-um-oflun-sjavargrodurs/>
<http://snaefellingar.is/snaefellsnes/stykkisholmur-2/frumvarp-um-thang-og-thara/>
<http://snaefellingar.is/frettir/radgjof-um-thang/>

⁴ Lög nr. 49/2017 má sjá hér: <https://www.althingi.is/altext/stjt/2017.049.html>

⁵ Frumvarp til laga má sjá hér: <https://www.althingi.is/altext/146/s/0379.html> og feril málsins á Alþingi og önnur gögn hér: <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efir-thingum/ferill/?ltg=146&mnr=272>

⁶ <https://www.hafogvatn.is/is/veidiradgjof>



4. YFIRLIT YFIR BÓKANIR Í BÆJARRÁÐI OG BÆJARSTJÓRN FRÁ JÚNÍ 2018

Til nánari upplýsinga má sjá hér fyrir neðan samantekt úr fundargerðum bæjarráðs og bæjarstjórnar Stykkishólmbæjar þar sem fjallað hefur verið um málið á þessu kjörtímabili:

Bæjarráð - 587

Haldinn í bæjarráðssal,
26.07.2018 og hófst hann kl. 14:00

1. 1807021 - Áform um að byggja upp þörungavinnslu í Stykkishólmi, viðræður við Ísl. Kalkþörungafél.

Halldór Halldórsson, forsvarsmaður Íslenska Kalkþörungafélagsins ehf., mætir til fundar við bæjarráð til þess að ræða áform um að byggja upp þörungavinnslu í Stykkishólmi.

Bæjarstjóri hefur kallað eftir minnisblaði um (1) áform félagsins um vinnslu þangs og þara úr Breiðafirði í Stykkishólmi (þ.m.t. vinnsluáðferð, hráefni, áætlaða starfsemi, eðli starfseminnar, hugsanlega lyktar- og hávaðamengun, tengingu við rannsóknar- og nýsköpunarfyrirtæki o.s.frv.), (2) kynningu á því félagi sem stendur að baki áætlaðri starfsemi, (3) upplýsingar um framvindu málsins á síðasta kjörtímabili og (4) á hvaða forsendum gengið er út frá varðandi staðsetningu og áætlaða fjárfestingu (stærð vinnslu- og framleiðslusvæðis og bryggju o.s.frv.). Einnig að (5) fara yfir þær rannsóknir og/eða upplýsingar sem liggja fyrir um áhrif þang- og þarasláttar á lífríki Breiðafjarðar og þær upplýsingar sem liggja fyrir um útbreiðslu og magn. Að lokum upplýsingar um (6) beinan og óbeinan fjárhagslegan ávinning bæjarins af fyrirhugaðri starfsemi.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir málinu og þeirri undirbúningsvinnu sem hann hefur innt af hendi. Bæjarstjóri leggur áherslu á mikilvægi samvinnu í þessu sambandi og sem víðtækustu samráði við íbúa og áður en ákvarðanir um framkvæmdir verði teknar í þessu máli verði verkefnið og áform kynnt ítarlega fyrir bæjarbúum.

Halldór fór yfir þau áform og þær hugmyndir sem Íslenska Kalkþörungafélagið hefur varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir og næstu skref.

Bæjarráð fékk tækifæri til að spyrja út í áform og áherslur. Áformað er að fá fulltrúa frá Íslenska Kalkþörungafélaginu til fundar við bæjarstjórn með haustinu þegar minnisblaðið liggur fyrir, ásamt því að kynna málið fyrir atvinnumálanefnd. Minnisblað mun verða kynnt bæjarbúum og bæjarbúum gefin tækifæri á að veita umsögn og koma að athugasemdum.

Í kjölfarið verða teknar ákvarðanir um næstu skref.

Halldór vék svo af fundi.



Bæjarráð - 589

Haldinn í bæjarráðssal,
06.09.2018 og hófst hann kl. 16:15

14. 1807021 - Áform um að byggja upp þörungavinnslu í Stykkishólmi, viðræður við Ísl. Kalkþörungafél.

Minnisblað sem bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar kallaði eftir varðandi áform Íslenska Kalkþörungafélagsins um uppbyggingu þörungavinnslu kynnt.

Bæjarstjóri ítrekaði áherslu á mikilvægi samvinnu í þessu sambandi og sem víðtækustu samráði við íbúa og áður en ákvarðanir um framkvæmdir verði teknar í þessu máli verði verkefnið og áform kynnt ítarlega fyrir bæjarbúum. Vísaði bæjarstjóri í þessu sambandi til bókunar bæjarráðs frá 26. júlí sl. Þar sem fram kemur að minnisblaðið muni vera kynnt bæjarbúum og bæjarbúum gefin tækifæri á að veita umsögn og koma að athugasemdum. Áætlað er að minnisblaðið verði kynnt bæjarbúum á heimasíðu Stykkishólmsbæjar fyrir lok septembermánaðar.

Bæjarstjórn - 368

Haldinn í bæjarstjórnarsal,
13.09.2018 og hófst hann kl. 17:00

Annað

4. 1808022 - Minnispunktur bæjarstjóra

Acadian Seaplants sýnir áhuga á viðræðum við Stykkishólmsbæ (Þörungavinnsla í Stykkishólmi).

Bæjarstjóri upplýsti bæjarstjórn um að fulltrúar Acadian Seaplants komu til fundar við bæjarstjóra í tengslum við nýtingu þangs í Breiðafirði. Á fundinum kynntu þeir starfsemi félagsins og lýstu yfir áhuga á því að fá tækifæri til þess að taka þátt í viðræðum við Stykkishólmsbæ um þangvinnslu í Stykkishólmi.

Á fyrrgreindum fundi upplýsti bæjarstjóri fulltrúa Acadian Seaplants um þær samræður sem standa yfir milli Stykkishólmsbæjar og Íslenska kalkþörungafélagsins ehf., sbr. fundagerðir frá því í sumar, m.a. að óskað hafi verið eftir því minnisblaði (sem liggur nú fyrir frá Íslenska kalkþörungafélaginu). Á fundinum óskuðu fulltrúar Acadian Seaplants eftir því að fá tækifæri til þess að skila til Stykkishólmsbæjar minnisblaði um þeirra áform og hugmyndir (sjá nánari upplýsingar um beiðni um minnisblað á fundi bæjarráðs nr. 587 með forsvarsmönnum Íslenska kalkþörungafélagsins 26. júlí sl.). Var Acadian Seaplants veitt ráðrúm fram til loka september til þess að skila minnisblaði og taka í framhaldinu þátt í samræðum við Stykkishólmsbæ um þörungavinnslu í Stykkishólmi.



Bæjarstjóri gerði grein fyrir því að til að gæta jafnræðis beggja aðila í þessu ferli, þá sé gert ráð fyrir því að minnisblöðin verði kynnt bæjarbúum samtímis og að bæjarbúum verði gefið tækifæri á að veita umsögn og koma að athugasemdum við bæði minnisblöðin.

Bæjarstjóri ítrekaði að engar ákvarðanir hafi verið teknar í þessu sambandi og að verkefnið er á frumstigi undirbúnings. Um er að ræða stórt skipulags-, framkvæmda- og umhverfisverkefni og að hann geri ráð fyrir því að leitast við að eiga gott og víðtækt samráð við íbúa. Forsenda þess að hægt sé að hefja samráðsferlið með formlegum hætti er að upplýsingagjöf til íbúa sé fyrir hendi, enda er mótunarferillinn ekki síður mikilvægur en niðurstöðurnar. Minnisblöð frá báðum aðilum er mikilvægur liður í þessu undirbúningsferli. Í framhaldinu verða svo teknar ákvarðanir um næstu skref.

Nánari upplýsingar um Acadian Seaplants er að finna á vefsíðu félagsins, <http://www.acadianseaplants.com/>, þar sem m.a. kemur fram um félagið:

„Acadian Seaplants Limited (ASL) er alþjóðlega viðurkenndur leiðtogi í iðnaði sem vinnur þang, söl, þara til matar, í lífefnafræði, landbúnaði, efnaiðnaði fyrir landbúnað í alþjóðaviðskiptum og ræktun og vinnslu á sérstæðum þara/þangi fyrir Asíu og alþjóðlega matar markaði. Nokkrir eftirtektarverðir fletir á starfsemi okkar innihalda: Framsókn í aðferðum sem eru notaðar til að uppskera/vinna þang/þara á með úrræðum sem eru sjálfbær endurnýjanleg og tækni sem hafa verið hönnuð til að vinna þang/þara á náttúrulega máta til þess að verðmæti, framleiðsluvörunnar sé í fyrsta flokki til sölu á alþjóðlegum markaði. Þessi athafnasemi hefur fært kunnáttu, atvinnu og þekkingu til Atlantshafs Kanada, Írlands og Skotlands og umhverfisvæn örugg hlunnindi to alþjóðlegra notenda fyrir fullunnar vörur okkar.“

Til máls tóku: JBJ, EF, ÞS og HH

Bæjarráð - 591

Haldinn í bæjarráðssal,
24.10.2018 og hófst hann kl. 17:00

13. 1810007 - Viljayfirlýsing frá Acadian Seafood vegna þörungavinnslu, dags. 19.9.18

Þann 19. september sl. sendi Jean Paul Deveau, forstjóri Acadian Seaplants Ltd, viljayfirlýsingu frá fyrirtækinu um að koma á fót rannsóknar- og framleiðslueiningu fyrir þörunga í Stykkishólmi. Fyrirtækið hefur nú þegar hafið viðræður við fyrirtæki hér á landi sem og fræðimenn í faginu og vilja núna taka næsta skref og finna framkvæmdinni samastað.

Fulltrúar Acadian Seaplants funduðu með bæjarstjóra í haust þar sem þeir voru beðnir um að setja saman minnisblað um áform félagsins, svo hægt væri að bera þau saman við áform Íslenska Kalkþörungafélagsins, s em nú þegar hefur sýnt sambærilegri framkvæmd áhuga.

Framlagt til kynningar.



35. 1810056 - Áhugi á rannskónar-, vinnslu- og afurðamiðstöð þangs í Stykkishólmi
Nú hafa minnisblöð borist frá bæði Íslenska Kalkþörungafélaginu og Acadian Seaplants og hugmyndir að staðsetningu fyrir þörungavinnslu komnar fram.

Bæjarráð vill þakka báðum félögum fyrir minnisblöðin. Bæjarráð er sammála um að næstu skref séu þau að bæjarstjórn þurfi að koma sér saman um viðmiðanir áður en næstu skref málsins verða tekin. Bæjarráð samþykkir að send verði út fréttatilkynning um stöðu málsins. Bæjarráð samþykkir að tekið verði saman þann kostnað sem bærinn hefur sett í undirbúning þessa verkefnis frá 2014 s.s. vinna arkitekta og skipulagsvinnu.

Bæjarstjórn - 369

**Haldinn í bæjarstjórnarsal,
30.10.2018 og hófst hann kl. 17:00**

2.35. 1810056 - Áhugi á rannskónar-, vinnslu- og afurðamiðstöð þangs í Stykkishólmi

Nú hafa minnisblöð borist frá bæði Íslenska Kalkþörungafélaginu og Acadian Seaplants og hugmyndir að staðsetningu fyrir þörungavinnslu komnar fram.

Niðurstaða 591. fundar bæjarráðs

Bæjarráð vill þakka báðum félögum fyrir minnisblöðin. Bæjarráð er sammála um að næstu skref séu þau að bæjarstjórn þurfi að koma sér saman um viðmiðanir áður en næstu skref málsins verða tekin. Bæjarráð samþykkir að send verði út fréttatilkynning um stöðu málsins. Bæjarráð samþykkir að tekið verði saman þann kostnað sem bærinn hefur sett í undirbúning þessa verkefnis frá 2014 s.s. vinna arkitekta og skipulagsvinnu.

Niðurstaða þessa fundar

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Sjá nánar fundargerð bæjarráðs nr. 591

Bæjarstjórn samþykkir að fela bæjarráði að setja saman ráðgjafahóp varðandi mögulega rannsóknar-,vinnslu og afurðamiðstöð þangs í Stykkishólmi.

Til máls tóku:EF,LÁH,JB,ÞS og HH

Bæjarráð - 592

**Haldinn í bæjarráðssal,
15.11.2018 og hófst hann kl. 14:00**

13. 1810056 - Áhugi á rannsóknar-, vinnslu- og afurðamiðstöð þangs í Stykkishólmi

Bæjarstjóri upplýsti um stöðu mála vegna ráðgjafarnefndar sem bæjarráði var falið að skipa en sú vinna stendur yfir.



Samþykkt að fela bærarstjóra að undirbúa drög að erindisbréfi nefndarinnar fyrir næsta bæjarráðsfund.

Bærarstjóri upplýsti um kostnað Stykkishólmsbæjar við undirbúning á vinnslu- og afurðamiðstöð þangs frá 2014-2018, vegna fyrirspurnar þar um.

Deiliskipulagsvinna 2014: kr. 0.-
Deiliskipulagsvinna 2015: kr. 1.347.921.-
Deiliskipulagsvinna 2016: kr. 275.198.-
Deiliskipulagsvinna 2017: kr. 293.856.-
Deiliskipulagsvinna 2018: kr. 0.-

Þá hafa starfsmenn Stykkishólmsbæjar fundað með aðilum, s.s. bærarstjóri og skipulags- og byggingarfulltrúi.

Bærarstjórn - 370

**Haldinn í bærarstjórnarsal,
22.11.2018 og hófst hann kl. 17:00**

1.13. 1810056 - Áhugi á rannskónar-, vinnslu- og afurðamiðstöð þangs í Stykkishólmi

Niðurstaða 592. fundar bæjarráðs

Bærarstjóri upplýsti um stöðu mála vegna ráðgjafarnefndar sem bæjarráði var falið að skipa en sú vinna stendur yfir. Samþykkt að fela bærarstjóra að undirbúa drög að erindisbréfi nefndarinnar fyrir næsta bæjarráðsfund.

Bærarstjóri upplýsti um kostnað Stykkishólmsbæjar við undirbúning á vinnslu- og afurðamiðstöð þangs frá 2014-2018, vegna fyrirspurnar þar um.

Deiliskipulagsvinna 2014: kr. 0.-
Deiliskipulagsvinna 2015: kr. 1.347.921.-
Deiliskipulagsvinna 2016: kr. 275.198.-
Deiliskipulagsvinna 2017: kr. 293.856.-
Deiliskipulagsvinna 2018: kr. 0.-

Þá hafa starfsmenn Stykkishólmsbæjar fundað með aðilum, s.s. bærarstjóri og skipulags- og byggingarfulltrúi.

Niðurstaða þessa fundar

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Undirritaðar leggja til að kannað verði hvort þeir aðilar sem sýnt hafa áhuga á vinnslu sjávargróðurs í Stykkishólmi hafi heimild til að stunda slíka starfsemi á Íslandi m.a. með vísan í lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri nr. 34/1991 4. gr.

Erla Friðriksdóttir

Theódóra Matthíasdóttir



Tillaga samþykkt.

Til máls tóku:EF,HH,LÁH og JBJ

Bæjarráð - 593

**Haldinn í bæjarráðssal,
29.11.2018 og hófst hann kl. 16:00**

14. 1810056 - Áhugi á rannsóknar-, vinnslu- og afurðamiðstöð þangs í Stykkishólmi
Drög að erindisbréfi vegna ráðgjafarnefndar vegna áhuga á rannsóknar-, vinnslu- og afurðamiðstöð þangs í Stykkishólmi lagt fram ásamt tilnefningum í ráðgjafanefnd.

Drög að erindisbréfi vegna ráðgjafanefndar samþykkt með áorðnum breytingum.

RÁÐGJAFARNEFND VEGNA ÁHUGA Á RANNSÓKNAR-, VINNSLU- OG AFURÐAMIÐSTÖÐ ÞANGS Í STYKKISHÓLMI

Tillaga að nefndarmönnum ráðgjafanefndar um áætlanir um starfsemi í Stykkishólmi í tengslum við nýtingu þangs:

Fulltrúar frá NSV og Rannsóknarsetri Háskóla Íslands

Róbert Arnar Stefánsson
Jón Einar Jónsson

Fulltrúi landeiganda
Ásgeir Gunnar Jónsson

Mat á samfélagslegum og fjárhagslegum ávinningi (íbúar og/eða atvinnurekendur í Stykkishólmi)

Unnur María Rafnsdóttir
Sæþór H. Þorbergsson

Reynsla og þekking á þangslætti o.fl.

Jón Helgi Jónsson (einnig fulltrúi landeigenda)
Kári Geir Jensson

Fulltrúi grásleppusjómannanna

Ólafur Örn Ásmundsson

Nefndarmaður frá atvinnumálanefndar Stykkishólmsbæjar

Halldór Árnason

Lagt er til að formaður fulltrúi frá atvinnumálanefnd Stykkishólmsbæjar.

Tillaga samþykkt.



Bæjarstjórn - 371

**Haldinn í bæjarstjórnarsal,
13.12.2018 og hófst hann kl. 17:00**

3.14. 1810056 - Áhugi á rannsóknar-, vinnslu- og afurðamiðstöð þangs í Stykkishólmi

Drög að erindisbréfi vegna ráðgjafarnefndar vegna áhuga á rannsóknar-, vinnslu- og afurðamiðstöð þangs í Stykkishólmi lagt fram ásamt tilnefningum í ráðgjafanefnd.

Niðurstaða 593. fundar bæjarráðs

Drög að erindisbréfi vegna ráðgjafanefndar samþykkt með áorðnum breytingum.

RÁDGJAFARNEFND VEGNA ÁHUGA Á RANNSÓKNAR-, VINNSLU- OG AFURÐAMIÐSTÖÐ ÞANGS Í STYKKISHÓLMI

Tillaga að nefndarmönnum ráðgjafanefndar um áætlanir um starfsemi í Stykkishólmi í tengslum við nýtingu þangs:

Fulltrúar frá NSV og Rannsóknarsetri Háskóla Íslands

Róbert Arnar Stefánsson

Jón Einar Jónsson

Fulltrúi landeiganda

Ásgeir Gunnar Jónsson

Mat á samfélagslegum og fjárhagslegum ávinningi (íbúar og/eða atvinnurekendur í Stykkishólmi)

Unnur María Rafnsdóttir

Sæþór H. Þorbergsson

Reynsla og þekking á þangslætti o.fl.

Jón Helgi Jónsson (einnig fulltrúi landeigenda)

Kári Geir Jensson

Fulltrúi grásleppusjómannna

Ólafur Örn Ásmundsson

Nefndarmaður frá atvinnumálanefndar Stykkishólmsbæjar

Halldór Árnason

Lagt er til að formaður fulltrúi frá atvinnumálanefnd Stykkishólmsbæjar.

Tillaga samþykkt.

Niðurstaða þessa fundar

Tillaga af erindisbréfum samþykkt samhljóða.



Bæjarstjóri leggur til að **Guðbjörg Egilsdóttir** verði bætt við sem fulltrúa í ráðgjafanefndina sem fulltrúi um mat á samfélagslegum og fjárhagslegum ávinningi.

Tillaga samþykkt.

Gert var 10 mín. hlé.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt með áorðnum breytingum.

Fulltrúar H-listans lýsa ánægju sinni með þann öfluga hóp sem skipaður hefur verið í ráðgjafanefndina. Nefndina skipar hópur fólks með breiða skírskotun og víðtæka þekkingu og reynslu. H-listinn væntir ekki annars en að starf nefndarinnar muni verða öflugt og árangursríkt. Í ljósi þessa lýsir H-listinn yfir furðu sinni á því að athygli sé dregin að kynjahlutföllum við skipun nefndarinnar. Minnir H-listinn á að það hallar fremur á karla en konur í nefndum og ráðum hjá Stykkishólmsbæ þar sem um 60% nefndarmanna eru konur en karlar 40%. Einnig er rétt að benda á að þrír af fjórum aðalmönnum H-listans í bæjarstjórn eru konur.

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir

Gunnlaugur Smárason

Þóra Stefánsdóttir

Steinunn I. Magnúsdóttir

Undirritaðir telja að ekki sé tímabært að setja þessa nefnd í gang fyrr en að fyrir liggur að þeir aðilar sem sýnt hafa áhuga á vinnslu sjávargróðurs í Stykkishólmi hafi heimild til að stunda slíka starfsemi á Íslands s.s. skv. lögum nr. 34/1991.

Haukur Garðarsson

Árni Ásgeirsson

Bókun bæjarstjóra.

Í 4. gr. laga nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, er að finna takmörkun á fjárfestingum erlendra aðila í tilteknum atvinnurekstri. Í 1. tölul. 4. gr. er að finna takmörkun á sviði fiskveiða og vinnslu sjávarafurða. Nánar tiltekið: "...1. Eftirtaldir aðilar mega einir stunda fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands samkvæmt lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands eða eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi:..." Upphaflega var í lögum nr. 34/1991 vísað í 1. tölul. til laga nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, að því er varðar efnisregluna um það hverjir stunda megi fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Markmiðið virðist af lögskýringargögnum hafa verið að ná efnislega yfir nýtingu á þeim nytjastofnum sem falla undir lög um stjórn fiskveiða á hverjum tíma.

Bæjarstjóri hefur átt samskiptum við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið vegna þessa og hefur skrifstofa sjávarútvegs og fiskeldis upplýst bæjarstjóra um að sú girðing sem er reist í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri að heimild til fiskveiða í efnahagslögsögunni sé bundin að meginreglu við íslenska aðila og hefur sláttur á þangi ekki verið talinn til þessa. Af þessum sökum telur bæjarstjóri ekki ástæðu til þess að fresta því að starf nefndarinnar geti hafist, en mun bæjarstjóri upplýsa bæjarfulltrúa og ráðgjafanefndina um það ef breytingar verða á túlkun ráðuneytisins á ákvæðinu.

Jakob Björgvin Jakobsson

Til máls tóku:LÁH,JB, HG,ÁÁ,GS og HH